

Í hitabylgju

# Einar Hákonarson

Emaléruð myndverk

Sýning að Kjarvalsstöðum Austursal í apríl 1989

# Emaléruð myndverk

Þó hér séu sýnd í fyrsta sinn á Íslandi Emaléruð myndverk, er tæknin ævagömul. Til eru verk frá því um 3000 f. Kr. á Sumeriskum menningarsvæðum og í Egyptalandi.

Aðferðin gengur út á það að unnið er á málmplötur, sem grunnaðar eru með fínmöluðu gleri, blönduðu með vatni. Platan er síðan hituð í sérstökum ofni í 860 gráður. Mismunandi efnasambönd mynda litina og er aðallega um að ræða ýmis oxiðefni.

Aðferðirnar við vinnslu myndverkanna eru það margar og fjölbreyttar að of langt mál yrði að útskýra þær hér. Stærð platnanna takmarkast af þeim ofni, sem unnið er með. Algengast er að ofnar fyrir Emaléruð myndverk taki plötur sem eru 100 x 80 cm. Hægt er að gera stærri verk með því að setja þau saman úr fleiri plötueiningum og eru þá stærðarmörkum verkanna litlar skorður settar.

Ég átti þess kost að nema þessa tækni fyrir nokkru í Gautaborg undir leiðsögn eins þekktasta listamanns Svía á þessu sviði Knut-Yngva Dahlbäch, en Emaléruð myndverk hans skreyta nú fjölda bygginga í Svíþjóð.

Þessi aðferð hefur orðið mjög vinsæl í Evrópu til skreytinga utan á hús sem og innan. Aðferðin hefur mikið verið notuð í Norður-Evrópu, vegna þess hve veðurþolin hún er og þess frjálslega tjáningarmáta sem hún býður upp á.

Myndlistarmenn í Gautaborg hafa komið sér upp sameiginlegu verkstæði, þar sem þeir geta komið og útfært stærri verkefni í ýmis efni, svo sem Emaléruð myndverk, Bronssteypu, Textíl, Járnsmíðavinnu og Grafík.

Þau Emaléruðu myndverk, sem hér eru sýnd voru gerð á þessu verkstæði. Til þess fékk ég nokkurn fjárhagslegan stuðning frá Menntamálaráðuneytinu, sem ég þakka hér með fyrir.

E. H.

# Röð myndverka

1. Sofandi
2. Umhyggja
3. Parið
4. Samtal
5. Sundmaður
6. Blár fugl
7. Við ströndina
8. Tvær konur
9. Engill
10. Um nótt
11. Grænn hestur
12. Á víðavangi
13. Vetrarmynd
14. Við vegginn
15. Leysing
16. Í óbyggðum
17. Tvær verur í grænu
18. Í hitabylgju
19. Fígúra



Einar Hákonarson

f. 1945

Vogaseli 1, Reykjavík, s. 71271

Nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1960-1964 og framhaldsnám við Valands listaháskólann í Gautaborg 1964-1967.

Hefur haldið fjölmargar einkasýningar í Reykjavík og víðar. Einnig tekið þátt í samsýningum, bæði hér á landi sem og erlendis.